



Um 40 manns sóttu borgarafundinn um fjárhagsáætlun Gerðahrepps 1986.

Morgunblaðið/Arnór

Utanríkisráðuneytið:

Fundur ut-
anríkis-
ráðherra
Norður-
landanna

Utanríkisráðherrar Norðurlanda héldu hinn reglulega vörfund sinn í Stokkhólmi 9. apríl 1986.

Að venju vörfundanna áttu ráðherrarnir óformlegar viðræður og skiptust á skoðunum um mikilvægustu utanríkismál liðandi stundar, meðal annars um ástandið í alþjóðamálum, afvopnunarmál, þ. á m. um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum, þróun mála á hinum ýmsu fundum Öryggismálaráðstefnu Evrópu og um fjárbörng Sameinuðu þjóðanna.

Ráðherrarnir ræddu einnig ástandið í suðurhluta Afríku og í því sambandi skýrslu um framkvæmd norrænu áætlunarinnar um ráðstafanir gegn Suður-Afríku. Afstaða Norðurlanda til Chile var einnig rædd á fundinum.

Næsti utanríkisráðherrafundur Norðurlanda verður haldinn í Kaupmannahöfn síðari hluta sumars 1986.

Ásamt Matthíasi Á. Mathiesen, utanríkisráðherra, sátu fundinn af Íslands hálfu þeir Benedikt Gröndal, sendiherra, og Ólafur Egilsson, skrifstofustjóri utanríkisráðuneytisins.

(Fréttatilkynning)

Borgarafundur í Garðinum:

Unnið að gerð nýs aðalskipulags — Útsvarsprósentan 10,4

Garði. ÚTSVARSPRÓSENTAN verður 10,4% á þessu ári, gerð nýs aðalskipulags stendur yfir, litlar sem engar hafnarframkvæmdir verða á þessu ári, Heiðarbraut, Einholt, Urðarbraut og Klapparbraut fá einhverja aðhlyningu,

ólíklegt er að kennsla hefjist í haust í 9. bekk í Gerðaskóla. Þetta eru nokkrar staðreyndir sem fram komu á almennum borgarafundi sl. fimmtudagskvöld en þar sátu hreppsnefnd og sveitarstjóri fyrir svörum hjá

fundarmönnum sem töldu liðlega 40 manns þegar mest var.

Niðurstöðutölur áætlunarinnar eru tæpar 40 milljónir og eins og áður er stór hluti þess fjár bundinn með lögum þannig að ráðstöfunarfé er mun minna. Stærstu útgjaldaliðir

eru stjórn sveitarfélagsins, 3,4 millj., sýslusamlag 2,8 millj. og til tónlistar- og grunnskóla tæpar 3,5 milljónir. Útsvar er stærsti tekjuliður, 21,3 milljónir, og aðstöðugjöld 6 milljónir.

Berlega kom fram á fundinum hve ríkið er mikill dragbítur á framkvæmdir sem það á að taka þátt í, t.d. má nefna að 1982 var byggt við grunnskólann. Tók það verk aðeins nokkra mánuði en loka-greiðslur frá ríkinu eru væntanlegar árið 1990, að sögn sveitarstjóra. Þá kom fram að einungis fengust 500 þúsund krónur þegar Garðbraut og Skagabraut voru lagðar í fyrri. Það verk kostaði um 8 milljónir. Fram kom á fundinum að ekki stæði til að laga Gerðaveg í sumar en áætlanir gæfu til kynna að þær framkvæmdir kostuðu 7-8 milljónir eða sömu upphæð og kostaði að leggja Garðbraut og Skagabraut.

Til gamans má svo geta þess að minnsta upphæðin í fjárhagsáætluninni er kr. 1000 og er til eyðingar á minkum. Það kom einnig fram á fundinum að helmingur þessarar upphæðar hafi nú þegar verið greiddur út.

Arnór

40 listamenn fá 4,7 milljónir í starfslaun

ALLS sóttu 120 manns um starfslaun listamanna í ár og hefur úthlutunarnefndin nú skipt 4.692.000 kr. til 40 listamanna. Þessi upphæð er ákveðin á fjárlögum fyrir 1986 og miðast við byrjunarlaun menntaskólakennara og starfstímann 3-12 mánuði. Eftirtaldir hlutu starfslaun:

12 mánaða laun: Haukur J. Gunnarsson, leikstjóri. Jóhanna Kristín Yngvadóttir, myndlistarmaður.

6 mánaða laun: Nína Gautadóttir, myndlistarmaður. Sigur-

laug Jóhannesdóttir, myndlistarmaður. Sóley Eiríksdóttir, myndlistarmaður. Steingrímur E. Kristmundsson, myndlistarmaður. Jóhannes Helgi, rithöfundur. Stefánía Þorgrímsdóttir, rithöfundur. Sigrún Hjálmtýsdóttir, söngkona.

3 mánaða laun:

Ásdís Sigurþórsdóttir, myndlistarmaður. Ásgerður Búadóttir, myndlistarmaður. Guðmundur Thoroddsen, myndlistarmaður. Guðrún Svava Svavarsdóttir, myndlistarmaður. Halldór Ásgeirsson, myndlistarmaður. Hallgrímur Helgason, myndlistarmaður. Haraldur Ingi Haraldsson, myndlistarmaður. Haukur Dór, myndlistarmaður. Helgi Þorgils Friðjónsson, myndlistarmaður. Jónína Guðnadóttir, myndlistarmaður. Kristján Guðmundsson, myndlistarmaður. Kristján Steingrímur Jónsson, myndlistarmaður. Lísabet Sveinsdóttir, myndlistarmaður. Sig-

rún Eldjárn, myndlistarmaður. Sigurður Þórir Sigurðsson, myndlistarmaður. Svala Sigurleifsdóttir, myndlistarmaður. Sverrir Ólafsson, myndlistarmaður. Þór Vigfússon, myndlistarmaður. Þórður Hall, myndlistarmaður. Þuríður Fannberg (Rúf), myndlistarmaður. Örn Þorsteinsson, myndlistarmaður. Glámur Gylfason, tónlistarmaður. Gunnar R. Sveinsson, tónlistarmaður. Hörður Torfason, tónlistarmaður. Mist Þorkelsdóttir, tónlistarmaður. Páll Eyjólfsson, tónlistarmaður. Þórir Baldursson, tónlistarmaður. Elísabet Þorgeirsdóttir, rithöfundur. Valdis Óskarsdóttir, ljósmyndari. Viðar Eggertsson, leikari. Viðar Gunnarsson, söngvari.

Úthlutunarnefnd skipuðu: Birgir Sigurðsson, sr. Bolli Gústavsson og Knútur Hallsson, formaður.

Breiðholtsskóli:

Skóla-
sýning
í dag

Í DAG, laugardaginn 12. apríl, verður skólasýning í Breiðholtsskóla vegna 200 ára afmælis Reykjavíkur.

Sýningin stendur frá klukkan 13 til 18 og hefst með leik Lúðrasveitar Arbæjar og Breiðholts framan við anddyri skólans. Klukkan 14 verður forleikaskemmtun í hátíðarsal skólans.

Á sýningunni verður sýnd vinna nemenda, sem tileinkuð er Reykjavík vegna afmælisins.

Komdu við í Hafnarstræti 5 og skoðaðu frábært úrval okkar af veiðistöngum.

Allar ABU-stangirnar eru með vönduðum lykkjum, þannig að línan rennur mjúklega í gegn.

Verð og gæði við allra hæfi.

Hafnarstræti 5, Reykjavík. Sími (91)-16760.